

Haldið er dómþing áfrýjunardómstóls Körfuknattleikssambands Íslands (KKÍ) 19. maí 2021.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 2/2020 - 2021

Adomas Drungilas, leikmaður Þórs
Þorlákshafnar

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KKÍ

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR

I.

Mál þetta var mótttekið af áfrýjunardómstól KKÍ þann 16. maí 2021. Kærandi er Adomas Drungilas, leikmaður Þórs Þorlákshafnar.

Kærður er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamáli, nefnt kærúmál nr. 5/2020-2021, dags. 13. maí.

Kærði er aga- og úrskurðarnefnd KKÍ.

II.

Niðurstaða

Í ákvæði 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir að „[m]álsmeðferðarreglur sem fram koma í kafla um málsmeðferðarreglur í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál skulu gilda um áfrýjunardómstól KKÍ eftir því sem við á.“ Í ákvæði 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd segir að „[m]ál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KKÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði.“

Í hinum kærða úrskurði var kæranda gert að sæta þriggja leikja banni á grundvelli ákvæðis j. liðar, sbr. c. liðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál.

Í ákvæði 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir: „Almennt verður úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar KKÍ í agamálum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum: a) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um fjögurra leikja leikbann eða þyngri refsingu. b) Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um viðurlög og refsingar sem nema hærrí fjárhæð en 25.000. c) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13, lið i) í reglugerð KKÍ um aga- og úrskurðarmál. d) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann.“

Í framkominni kæru kemur fram að „[e]kkert girðir fyrir það að áfrýjunardómstóll KKÍ taki málið til meðferðar þrátt fyrir að meginreglan sem kemur fram í 5. gr. sé sú að almennt þurfi ákveðin undantekningartilvik að vera fyrir hendi. Hafi tilgangur ákvæðisins verið að heimila aðeins áfrýjunardómstólnum að taka til meðferðar þau mál sem sérstaklega eru tiltekin hefði orðalag ákvæðisins verið með skýrari og afdráttarlausari hætti og þeim fyrirvara sem kemur fram í ákvæðinu um að „almennt verði úrskurðum“ ekki áfrýjað verið sleppt. Þá kemur fram í kærinni að í ljósi misræmis í ákvörðunum aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 5/2020-2021 og máli nr. 9/2013-2014, sem séu sambærileg, telji kærandi sérlega mikilvægt að áfrýjunardómstóllinn taki málið til efnislegrar meðferðar, enda sé það fordæmisgefandi og mikilvægt að æðra dómstig fjalli um málið. Efnisleg umfjöllun sé mikilvæg til þess að eyða þeirri óvissu sem ríki um túlkun á 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál, þar sem sú staða sé komin upp að tvær sambærilegar kærur hafa hlotið mismunandi niðurstöðu á grunni sömu reglugerðar, sem endurspegli alvarlegt misræmi í túlkun og ákvörðunum aga- og úrskurðarnefndar.

Ákvæði 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól segir skýrum orðum að almennt verði úrskurðum ekki áfrýjað til áfrýjunardómstóls KKÍ nema í ákveðnum undantekningartilfellum. Um er að ræða skýra meginreglu og verða undantekningar frá henni því skýrðar þröngt. Rök kæranda fyrir því að undantekning eigi við, og þar með heimild að áfrýjunar, eru þau að vegna misræmis á túlkun aga- og úrskurðarnefndar á 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál í tveimur sambærilegum málum, ríki óvissa sem mikilvægt er að æðra dómstig skeri úr um og skapi skýrt fordæmi.

Í máli aga- og úrskurðarnefndar nr. 9/2013-2014, sem kærandi vísar til að niðurstaða í máli sömu nefndar nr. 5/2020-2021 gangi gegn, komst meirihluti aga- og úrskurðarnefndar

að því að heimild nefndarinnar skv. þágildandi 7. mgr. 6. gr. reglugerðar (núverandi 4. mgr. 6. gr.) um aga- og úrskurðarmál ætti ekki við, en það ákvæði segir að „aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óbyggjandi hátt að brot hafi verið framið“. Rök meirihlutans voru þau að þar sem dómari í leiknum hafi verið vel staðsettur, hafi séð atvikið og dæmt óíþróttamannslega villu á leikmanninn væri aga- og úrskurðarnefnd bundin af þeirri ákvörðun á grundvelli ákvæðis 4. mgr. 6. gr. reglnanna. Vert er að nefna að minnihluti aga- og úrskurðarnefndar var ekki sammála þessu mati og taldi að nefndin hefði heimild til að taka málið fyrir og dæma viðkomandi leikmann í bann.

Umræddur úrskurður féll í ársbyrjun 2014 og því nauðsynlegt að líta til hvernig framkvæmd aga- og úrskurðarnefndar hefur þróast síðan sem og réttarheimildir. Við nánari skoðun á úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp frá því úrskurður í máli nr. 9/2013-2014 gekk má sjá að aga- og úrskurðarnefnd hefur komist að annarri niðurstöðu í fjölmörgum sambærilegum málum, sem eru í fullu samræmi við niðurstöðu í máli nr. 5/2020-2021. Má þar nefna mál nr. 57/2017-2018, mál nr. 17/2018-2019 og mál nr. 53/2019-2020. Einnig þykir ástæða til að benda á að ákvæði þágildandi 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar var fært til, en ekki breytt, þann 25. maí 2020 með reglugerðarbreytingu, og sett meðfram meginreglunni um bindandi áhrif ákvarðanna körfuboltadómara, sem er rökrétt í ljósi þess að um er ræða undantekningu frá nefndri meginreglu.

Í ljósi þessa verður því að líta svo á að fyrir liggja skýr fordæmi og réttarheimildir varðandi túlkun á inntaki núgildandi 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál og þar af leiðandi sé ekki til staðar það misræmi sem kærandi vísar til. Verður því að líta svo á að undantekning frá meginreglu 5. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstólinn geti ekki átt við og því skorti heimild til áfrýjunar. Verður þegar af þeirri ástæðu að vísa framkominni kæru frá dómi.

Það athugast að í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar er vísað til þess að um sé að ræða kærumál sem beri númerið 5/2020-2021. Hið réttara er að um er ræða agamál, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar - öndvert við ákvæði 7. gr. sömu reglugerðar sem fjallar um kærumál. Ekki er þó um verulegan ágalla að ræða, enda í öllum atriðum farið eftir réttum málsmeðferðar- og efnisreglum.

ÚRSKURÐARORÐ

Kæru Adomas Drungilas til áfrýjunardómstóls Körfuknattleikssambands Íslands vegna úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar í agamáli, nefnt kærúmál nr. 5/2020-2021, sem móttækin var 16. maí 2021, er vísað frá.

Pórólfur Heiðar Þorsteinsson
formaður

Ingimar Ingason

Sveinbjörn Claessen

Úrskurðurinn er sendur skrifstofu KKÍ í tölvupósti og henni falið að birta hann fyrir málsaðilum. Úrskurðinn skal í kjölfarið birta á heimasíðu KKÍ í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.

Dómur áfrýjunardómstóls KKÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSí þeim málum áfrýjunardómstóls KKÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild, sbr. 6. gr. reglugerðar um áfrýjunardómstól.